



## Methalli á vöruskiptum

Vöruútflutningur nam 47,5 ma.kr. í nóvember en vöruinnflutningur 56,2 ma.kr. og mældist því 8,7 ma.kr. halli á vöruskiptum í mánuðinum Þetta er 13. mánuðurinn í röð þar sem halli mældist á vöruskiptum við útlönd, en síðast mældist afgangur í október árið 2016 þegar hann 1,5 ma.kr.

### Methalli á vöruskiptum

Uppsafnaður vöruútflutningur á fyrstu 11 mánuðum síðasta árs mældist 474,5 ma.kr., en uppsafnaður vöruinnflutningur mældist 626 ma.kr. og var því halli á vöruskiptum upp á 151,9 ma.kr. sem er meiri halli á en áður hefur mælst. Fyrri methalli var frá árinu 2005 þegar hann nam 138 ma.kr. Hallinn var einnig verulega mikill árið 2016 þegar hann nam 100 ma.kr. Einnig mældist halli árið 2015 og nam hann 21 ma.kr. Uppsafnaður vöruskiptahalli á síðustu þremur árum nemur því 273 ma.kr. Þess ber þó að geta að afgangur hefur verið á þjónustujöfnuði á þessu tímabili.


### Samdráttur í vöruútflutningi og aukinn innflutningur skýra meiri halla

Vöruútflutningur dróst saman um 4,3% á fyrstu 11 mánuðum síðasta árs miðað við sama tímabil árið áður. Á sama tíma jókst innflutningur um 5,1% og er þarna því komin skýringin á aukningu vöruskiptahallans milli ára. Samdrátt vöruútflutnings má að öllu leyti til styrkingar krónunnar milli ára enda var 8,4% aukning í útflutningi á föstu gengi krónunnar. Styrking krónu hefur einnig aukið kaupmátt innlendra aðila og gert allan innflutning ódýrari. Eftirspurnin eftir honum hefur því aukist og hann því vaxið.

### Minni útflutningur má fyrst og fremst rekja til minni útflutnings sjávarafurða


Samdráttur í vöruútflutningi má helst rekja til samdráttar í útflutningi sjávarafurða. Útflutningur sjávarafurða nam 183 ma.kr. á fyrstu 11 mánuðum síðasta árs borið saman við 217 ma.kr. útflutningur sama tímabil árið 2016 og nemur samdrátturinn því tæpum 34 ma.kr. sem er um 15,6%. Þennan samdrátt má eins og áður segir að má að miklu leyti

Vöruskiptajöfnuður eftir mánuðum




Heimild: Hagstofa Íslands

Vöruskiptajöfnuður eftir árum



M.v. fyrstu 11 mánuði hvers árs  
Heimild: Hagstofa Íslands

Breyting í útflutningsverðmæti




Breyting milli fyrstu 11 mánaða ársins 2016 og 2017 á gengi hvers tíma  
Heimild: Hagstofa Íslands



rekja til styrkingar krónunnar. Á föstu gengi krónunnar dróst útflutningur sjávarafurða saman um 8,7 ma.kr. eða 4,4%. Af þeirri tölu dróst útflutningur þorsks saman um 5,4 ma.kr. og má rekja þann samdrátt fyrst og fremst til minni veiða sem aftur má að miklu leyti rekja til sjómannaverkfallsins í byrjun síðasta árs. Veiðar á þorski á fyrstu 11 mánuðum ársins voru 15,7 þús. tonnum minni en á sama tímabili árið áður. Sjómannaverkfallið sem hófst í desember 2016 stóð yfir í janúar og febrúar á síðasta ári og drógust þorsveiðar saman um alls 32,4 þúsund tonn miðað við sömu mánuði árið áður.

### **Verðhækkun á áli studdi við aukid útflutningsverðmæti**

Það sem vó að nokkru leyti upp minni útflutning á sjávarafurðum var aukinn útflutningur á áli og álafurðum. Útflutningur á áli jókst um 18,3 ma.kr. milli ára og verður fyrst og fremst rakinn til mikillar hækkunar á álverði milli ára. Þannig nam var meðalverð á áli á fyrstu 11 mánuðum síðasta árs 22,9% hærra en á sama tímabili árið 2016. Því til viðbótar jókst útflutt magn um 4,5% milli ára.



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.